

# SKÝRSLA STJÓRNAR HINS ÍSLENSKA NÁTTÚRUFRÆÐIFÉLAGS Á AÐALFUNDI 25. FEBRÚAR 2019

## SKIPUN STJÓRNAR

Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags var haldinn í Öskju, Háskóla Íslands, hinn 26. febrúar 2018, að loknu fræðsluerindi Guðbjargar Ástu Ólafsdóttur sem bar heitið „Þorskur í þúsund ár. Vistfræði sjávar byggð á fornum þorskbeinum.“

Kjörtímabil fjögurra stjórnarmanna rann út á aðalfundinum. Þetta voru Árni Hjartarson, formaður, Hafdis Hanna Ægisdóttir, varaformaður, Ester Rut Unnsteinsdóttir, gjaldkeri og Jóhann Þórsson, félagsvörður. Auk þess óskaði Hilmar Malmquist eftir því að láta af stjórnarsetu, eftir eitt ár frá kjöri.

Árni Hjartarson gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður. Í hans stað var Ester Rut Unnsteinsdóttir kjörin formaður en á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega lögum samkvæmt. Í stað Hilmars Malmquists var Hrefna Sigurjónsdóttir kjörin til eins árs. Jóhann Þórsson gaf kost á sér til endurkjörs og var kjörin til tveggja ára ásamt nýliðunum Sveinborgu Hlíf Gunnarsdóttur og Steinþóri Nielssyni, jarðfræðingum hjá Íslenskum orkurannsóknum. Skoðunarmenn reikninga voru kjörin þau Þóroddur Þóroddsson og Freydis Vigfúsdóttir.

Á fyrsta stjórnarfundinum starfsársins skipti stjórnin með sér verkum, öðrum en formannsstarfinu. Stjórnin var því þannig skipuð á starfsárinu 2018: Ester Rut Unnsteinsdóttir formaður, Hrefna Sigurjónsdóttir varaformaður, Margrét Hugadóttir ritari, Steinþór Nielsson gjaldkeri, Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir fræðslustjóri, Jóhann Þórsson félagsvörður og Bryndís Marteinsdóttir meðstjórnandi.

## STJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórn haldið 10 reglulega

stjórnarfundum, oftast nær í húsnæði Náttúruminjasafns Íslands í Loftskjástöðinni gömlu á Melunum. Einn óhefðbundinn fundur var haldinn á öðrum vettvangi. Var þá farið í svokallaða SVÓT-greiningu og mörkuð stefna fyrir stjórn til að efla félagið. Einn stjórnarfundur var haldinn í húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands í Urriðaholti.

## FÉLAGSMENN

Á aðalfundi félagsins 26. febrúar bættist einn félagi á lista heiðursfélaga HÍN: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands.

Fjöldi félagsmanna stóð í stað á árinu 2018. Þeir voru 1.161 í árslok 2018 og fækkaði um tvo frá fyrra ári. Nýir félagar voru 20 en 22 hættu – þar af létust 10. Félagatalið hefur verið að sveiflast í kringum 1.200 allt frá aldamótum. Ljóst er að fara þarf í kröftugt átak til að laða fólk að félaginu og fá það til inngöngu.

## FRÆÐSLUERINDI

Fræðslufundir félagsins voru haldnir í stofu 132 í Öskju, Háskóla Íslands. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir sex fundir en erindi sem stefnt var að í september og október féllu niður. Aðsókn á þessa fundi hefur farið dvínandi með árunum. Til stóð að halda málþing í stað fræðsluerinda í haust en því var frestað fram á vorið. Eftirfarandi erindi voru haldin:

25. febrúar: Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Þorskur í þúsund ár. Vistfræði sjávar byggð á fornum þorskbeinum.

26. mars: Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir. CarbFix. Steinrenning koldíoxíðs og brennisteinsvetnis í basalti.



Náttúruminjasafn Íslands bauð félagsmönnum HÍN á sýningu safnsins, *Vatnið í náttúru Íslands* 6. desember 2018, en sýningin var opnuð á fullveldisafmælinu 1. desember. Hilmar Malmquist forstöðumaður safnsins og Álfheiður Ingadóttir ritstjóri Náttúrufræðingsins leiddu félagsmenn um sýninguna. Ljósmynd: Margrét Hugadóttir.

6. desember: Náttúruminjasafn Íslands bauð félagsmönnum á sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands* undir leiðsögn Hilmars Malmquists og Álfheiðar Ingadóttur.

28. janúar. Kári Helgason. Saga stjórnmyndunar skrásett í bakgrunnsljós alheimsins.

## ÚTGÁFA

Frá síðasta aðalfundi hafa komið út tvö tvöföld hefti af Náttúrufræðingnum – þ.e. 1.–2. og 3.–4. hefti 86. árgangs. Álfheiður Ingadóttir er ritstjóri tímaritsins en henni til aðstoðar voru þau Sigmundur Einarsson jarðfræðingur og Hrefna Berglind Ingólfsdóttir líffræðingur.

Í ritstjórn Náttúrufræðingsins starfa: Droplaug Ólafsdóttir, dýrafræðingur, formaður, Esther Ruth Guðmundsdóttir, jarðfræðingur, Hlynur Óskarsson, vistfræðingur, Jóhann Þórsson, líffræðingur og fulltrúi stjórnar HÍN, Óskar Sindri Gíslason, sjávarlíffræðingur, Tómas Grétar Gunnarsson, dýravistfræðingur, Þóroddur F. Þóroddsson, jarðfræðingur. Mördur Árnason er prófarkalesari og málfarsráðunautur tímaritsins. Hafdis Hanna Ægisdóttir plöntuvistfræðingur hætti í ritnefndinni á árinu og er henni þakkað óeigingjarnt starf í þágu náttúrufræðinga. Jafnframt er Jóhann Þórsson boðinn velkominn í ritstjórnina.

Öllu þessu fólki er þakkað fyrir þeirra framlag.

## NETMIÐLAR

Bryndís Marteinsdóttir hefur umsjón með heimasíðu félagsins (slóð: [www.hin.is](http://www.hin.is)). Félagið er einnig með virkar Facebook- og Instagram-síður. Margrét Hugadóttir hefur umsjón með samfélagsmiðlum en allir stjórnarmenn bera þar ritstjórnarábyrgð.

## NEFNDIR

Samstarfshópur frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála starfar á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Hópurinn skipa fulltrúar þrettán félagasamtaka sem leggja áherslu á umhverfismál og náttúruvernd.

Formaður, Ester Rut Unnsteinsdóttir, er fulltrúi HÍN en Hólmfríður Sigurðardóttir hjá Fuglavernd er talsmaður og tengiliður hópsins við ráðuneytið. Hópurinn hefur verið beðinn um tilnefningar í nefndir og ráð og á fulltrúa í nokkrum nefndum á vegum ráðuneytisins. HÍN hefur tilnefnt fulltrúa í eftirfarandi verkefni á sl. starfsári:

- 1) Kuðungurinn, umhverfisviðurkenning umhverfis- og auðlindaráðuneytis.
- 2) Loftslagssjóður.
- 3) Starfshópur vegna endurskoðunar laga um mat á umhverfisáhrifum.
- 4) Samráðshópur sem skal vera svæðisráði til ráðgjafar við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum annars vegar og Austfjörðum hins vegar.
- 5) Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum.
- 6) Dagur umhverfisins.
- 7) Íslensku fjölmiðlaverðlaunin.

Nýr umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, hafði þegar kallað hópinn saman til kynningar þegar nýr formaður tók til starfa. Árni Hjartarson, þáverandi formaður, fór á þann fund sem fulltrúi HÍN og greindi frá starfsemi félagsins með áherslu á málefni Náttúrufræðistofnunar og ekki síður Náttúruminjasafnsins.

#### MÁLEFNI NÁTTÚRUMINJASAFNS

HÍN hefur lagt áherslu á bága stöðu Náttúruminjasafns Íslands frá stofnun þess árið 2008 og staðið þétt að baki forsvarsmönnum safnsins í baráttu fyrir úrbótum í húsnæðismálum. Á síðasta starfsári birti heldur betur til í þeim efnum þegar fyrsta sýning safnsins var opnuð í Perlunni hinn 1. desember, á aldarafmæli fullvalda ríkis á Íslandi. Eins og fram hefur komið er sýningarastaðan í Perlunni þó aðeins í mýflugumynd, eða 350 m<sup>2</sup> sem er talsvert undir áætlaðri þörf fyrir starfsemina. Sýningin er þó glæsileg í alla staði og til fyrirmyndar. Hið örllitla sýningasvæði sem safninu hefur verið úthlutað er leigt af Perlu norðursins, einkaaðilum sem hafa Perluna til umráða og reka þar sýningu um náttúru Íslands. Nú er svo komið að einkaaðilar reka stærstu og veglegustu sýningu um náttúru landsins í hagnaðarskyni en framtíðar-húsnæðismál Náttúruminjasafnsins eru enn í ólestri.

#### LOKAORÐ

Fyrsta starfsár mitt sem formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags hefur nú runnið sitt skeið. Ekki hafa orðið neinar stórkostlegar breytingar frá tíð forvera míns, Árna Hjartarsonar. Stjórnin var að hálfu leyti skipuð nýliðum og tókum við okkur tíma til að greina styrkleika og veikleika, ógnir og tækifæri. Ég bý að því að hafa leitað til Árna varðandi hlutverk formanns en það tekur sinn tíma að komast inn í verkefni sem á sér svo langa sögu. Ég færi honum kærar þakkir fyrir veitta leiðsögn um fyrirkomulagið, sögu og mállefni félagsins.

Eins og áður hefur komið fram stendur félagið á tímamótum en á þessu ári eru 130 ár frá stofnun þess. Félagið okkar stendur frammi fyrir sömu áskorunum og mörg önnur áhugamannafélög um þessar mundir, fækkun virkra félaga. Fritími fólks er takmarkaður og ákaflega fjölbreytt dagskrá í boði fyrir þá sem hafa áhuga á málefnum náttúrunnar, eða bara hverju sem er. Fólk virðist almennt minna tilbúið til að skuldbinda sig, en það er bót í máli að þegar mikið liggur við getur verið auðvelt að ná saman fjölda manns til skyndilegs átaks. Hið háaldraða félag okkar nýtur virðingar og hefur skapað sér ákveðinn sess í huga fólksins í landinu. Mikilvægt er að halda áfram starfinu og virða þau gildi sem félagarnir og almenningur telja að HÍN standi fyrir. Í þessu samhengi eru mér ofarlega í huga þær tvær stofnanir sem sprottnar eru af grunni félagsins: Náttúrufræðistofnun (stofnuð 1965) og Náttúruminjasafnið (stofnað 2008). Þessar stofnanir verða ætíð nátengdar félaginu, vegna starfsemi sinnar, sögu og hlutverks. Mér finnst því mikilvægt að félagar þekki sögu þessara stofnana og krefjist þess að yfirvöld styðji sem best við starfsemi þeirra.



Á aðalfundi HÍN 25. febrúar 2019 barst félaginu gjöf, *Handrit að námsefni um gróðurriki Íslands handa skólapiptum við Möðruvallaskóla veturinn 1890–1891* eftir Stefán Stefánsson. Ester Rut Unnsteinsdóttir formaður HÍN tók við bókinni á aðalfundi HÍN en gefandinn er Hjörtur Marteinson. Á mynd er einnig Guðbjörg Lind Jónsdóttir. Ljósm. Margrét Hugadóttir.

Útgáfa tímaritsins *Náttúrufræðingurinn* er eitt merkasta og mikilvægasta langtímaverkefni HÍN. Þar ríkir fyllsti metnaður, þökk sé framlagi dugmikillar ritstjórnar. Von er á frumvarpi á Alþingi í vor um opinberan stuðning við frjálsa fjölmiðlun. Visað er til þess að Íslendingar þurfi að hafa aðgang að vönduðu fréttatengdu efni á íslensku máli til að vera læsir á málefni líðandi stundar og geta tekið lýðræðislega afstöðu til mála. Að sama skapi þarf að styðja við útgáfu fræðiritna á borð við Náttúrufræðinginn. Mikilvægt er að almenningur hafi aðgang að vönduðu efni um brýn málefni á borð við náttúrufræði og umhverfismál. Þetta er okkar hlutverk og hér kemur útgáfa Náttúrufræðingsins sannarlega að gagni.

Á 130 ára afmælisári félagsins eru upphafleg markmið Hins íslenska náttúrufræðifélags enn í fullu gildi: *Miðlun fróðleiks á sviði náttúrufræða og að koma á fót veglegu náttúrugripasafni*. Ekki er annað að sjá en að baráttan fyrir varanlegu húsnæði Náttúruminjasafnsins standi enn þótt heilmikið hafi miðað áleiðis á síðasta ári með opnun þemasýningarinnar í Perlunni. Málið er einfalt. Baráttu HÍN og annarra áhugasamra aðila fyrir lausn á málefnum Náttúruminjasafnsins er ekki lokið fyrr en safnið fær til umráða varanlegt húsnæði fyrir starfsemi sína. Aðeins þá verður hægt að framfylgja lögbundnu hlutverki Náttúruminjasafnsins, höfuðsafs Íslands í náttúrufræðum.

**Ester Rut Unnsteinsdóttir**

formaður Hins íslenska náttúrufræðifélags

Steinþór Niésson

## Reikningar Hins íslenska náttúrufræðifélags fyrir árið 2018

#### REKSTRARREIKNINGUR 2018

	Skýringar	2018	2017
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Árgjöld og áskriftir	(1)	4.068.400	4.882.900
Bækur, veggspjöld og ferðir	(2)	113.307	126.000
Rekstrarstyrkur		900.000	1.100.000
<b>REKSTRARTEKJUR ALLS</b>		<b>5.081.707</b>	<b>6.108.900</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Útgáfumál og framkvæmdastjórn	(3)	5.542.143	5.993.767
Laun og launatengd gjöld	(4)	0	0
Almennur rekstrarkostnaður	(5)	47.160	182.920
<b>REKSTRARGJÖLD ALLS</b>		<b>5.589.303</b>	<b>6.176.687</b>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		<b>-507.596</b>	<b>-67.787</b>
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur		199.784	199.784
Vaxtagjöld	(6)	32.917	45.665
Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld		166.867	154.119
<b>HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS</b>		<b>-340.729</b>	<b>86.332</b>

#### EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2018

	Skýringar	2018	2017
<b>EIGNIR</b>			
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>			
Sjóður og bankainnistaður	(7)	9.016.673	9.201.733
Viðskiptamenn		8.716.405	7.859.381
Birgðir		1.795.478	1.795.478
<b>VELTUFJÁRMUNIR ALLS</b>		<b>19.528.556</b>	<b>18.856.592</b>
<b>EIGNIR SAMTALS</b>		<b>19.528.556</b>	<b>18.856.592</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>			
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Óráðstafað eigið fé	(9)	12.700.247	11.480.437
<b>EIGIÐ FÉ ALLS</b>		<b>12.700.247</b>	<b>11.480.437</b>
<b>SKULDIR</b>			
Lánardrottmar		5.551.127	5.173.532
Virðisaukaskattur	(8)	0	0
<b>SKULDIR ALLS</b>		<b>5.551.127</b>	<b>5.173.532</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS</b>		<b>18.251.374</b>	<b>16.653.969</b>

Reykjavík, 20. febrúar 2019

Steinþór Niésson

## SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2018

	2018	2017		2018	2017
<b>1. ÁRGJÖLD OG ÁSKRIFTIR</b>			Félagsgjöld (Landvernd)	0	30.000
Félagsgjöld	4.068.400	2.829.800	Viðhald innréttinga	0	0
<b>ALLS</b>	<b>4.068.400</b>	<b>2.829.800</b>	Vél- og hugbúnaður (tölvur) - internet	6.230	140.409
<b>2. BÆKUR, VEGGSPJÖLD, FERÐIR O.FL.</b>			Matar- og kaffikostnaður	0	0
Seldar bækur	0	0	Styrkir	0	0
Seld veggspjöld/Kúnstir náttúrunnar	6.000	0	Ýmislegt án VSK.	23.898	286.586
Sala Náttúrufræðingshefta	113.307	231.611	Funda- og ráðstefnukostnaður	0	10.952
Fræðsluferðir og námskeið	0	0	<b>ALLS</b>	<b>47.160</b>	<b>569.412</b>
Rekstrarstyrkur/auglýsingar	900.000	1.460.000	<b>KOSTNAÐUR V/NÁMSKEIÐA OG FERÐA</b>		
<b>ALLS</b>	<b>1.019.307</b>	<b>1.691.611</b>	Kostnaður v/sumarferða	0	0
			ALLS	0	0
<b>3. ÚTGÁFUMÁL OG FRAMKVÆMDASTJÓRN</b>			<b>SAMTALS</b>	<b>47.160</b>	<b>569.412</b>
NÁTTÚRUFRAÐINGURINN			<b>6. VAXTAGJÖLD</b>		
Ritstjórn og ritlaun	3.738.014	3.931.003	Vaxtagjöld og verðbætur		
Prentun og bókband	891.533	1.212.277	Dráttarvextir		11.845
Prófar-kalestur	230.000	360.000	Fjármagnstekjuskattur	32.917	55.070
Ljósmyndir	0	0	<b>ALLS</b>	<b>32.917</b>	<b>66.915</b>
Dreifing	250.596	180.861	<b>7. SJÓÐUR OG BANKAINNSTÆÐUR</b>		
Annar kostnaður	432.000	8.258	Sjóður		0
<b>ALLS</b>	<b>5.542.143</b>	<b>5.692.399</b>	Landsbanki Laugavegi tékk. 014 798		181.068
			Peningamarkaðsreikn SpNor 552 165	8.996.951 kr	6.953.131
Framkvæmdastjóri (verktaki)	0	0	Netreikningur SpNor 200 381	2.631 kr	2.579
Dreifing og félagaskrá (verktaki)	0	0	Íslandsbanki Lækjarg. tékk. 401 889	15.518 kr	15.512
<b>ALLS</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	Yfirdráttarreikningur Byr 002 165	- kr	0
			Íslandsbanki 251745	1.573 kr	1.538
FÉLAGSBRÉF (ÚTGÁFUKOSTNAÐUR)		28.641	<b>ALLS</b>	<b>9.016.673</b>	<b>7.153.828</b>
<b>SAMTALS</b>	<b>5.542.143</b>	<b>5.721.040</b>	<b>8. VIRÐISAUKASKATTUR</b>		
<b>4. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD</b>			Útskattur	0	0
Laun	0	0	Uppgjörsreikningur fyrir VSK.	0	0
Launatengd gjöld	0	0	<b>ALLS</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>ALLS</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>9. EIGIÐ FÉ</b>		
<b>5. ALMENNUR REKSTRARKOSTNAÐUR</b>			Höfuðstóll	13.040.976	12.954.644
SÖLU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR			Jöfnun á höfuðstól		0
Sími	0	0	Bóksala fyrri ára ekki færð til bókar áður		0
Burðargjöld og giróseðlar	0	53.940	<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>-340.729</b>	<b>86.332</b>
Ritföng og prentun	17.032	47.525	<b>ÓRÁÐSTAFIÐ EIGIÐ FÉ</b>	<b>12.700.247</b>	<b>13.040.976</b>
Rit og bækur v/rekstrar	0	0			

Hið íslenska  
náttúrufræðifélag  
Stofnað 1889

The Icelandic  
Natural History  
Society

Brynjólfsgötu 5, 107 Reykjavík, Iceland — www.hin.is / hin@hin.is

## STJÓRN FÉLAGSINS 2018–2019 / BOARD MEMBERS 2018–2019

<b>Ester Rut Unnsteinsdóttir</b>	<b>formaður / Chairman</b> <i>Náttúrufræðistofnun Íslands / The Icelandic Institute of Natural History, Garðabær</i>
<b>Hrefna Sigurjónsdóttir</b>	<b>varaformaður / Vice-chairman</b> <i>Háskóli Íslands / University of Iceland, Reykjavík</i>
<b>Margrét Hugadóttir</b>	<b>ritari / Secretary</b> <i>Landvernd / Iceland Environment Association</i>
<b>Steinþór Niésson</b>	<b>gjaldkeri / Treasurer</b> <i>Íslenskar orkurannsóknir / Iceland GeoSurvey, Reykjavík</i>
<b>Jóhann Þórsson</b>	<b>félagsvörður / Board member</b> <i>Landgræðsla ríkisins / Soil Conservation Service, Hella</i>
<b>Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir</b>	<b>fræðslustjóri / Board member</b> <i>Íslenskar orkurannsóknir / Iceland GeoSurvey, Reykjavík</i>
<b>Bryndís Marteinsdóttir</b>	<b>meðstjórnandi / Board member</b> <i>Landgræðsla ríkisins / Soil Conservation Service, Hella</i>

Tilgangur félagsins er að efla íslensk náttúruvísindi, glæða áhuga og auka þekkingu manna á öllu er snertir náttúrufræði. Innganga í félagið er öllum heimil.

Einstaklingsárgjald er 5.800 kr. Í því er fólgin áskrift að Náttúrufræðingnum. Hjónaárgjald er 6.500 kr. og nemendagjald 4.000 kr. Annual dues, which include the subscription of the society's journal, are 5.800 ISK.

Fyrirlestrar um náttúrufræðileg efni eru fluttir mánaðarlega, frá október til maí, að jafnaði síðasta mánudag hvers mánaðar.

## Náttúruminjasafn Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins, höfuðsafn á sviði náttúrufræða og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands eru skilgreind í Náttúruminjasafnslögum nr. 35/2007 og Safnslögum nr. 141/2011. Náttúruminjasafnið er fræðslu- og vísindastofnun, ætlað að gegna miðlægu hlutverki við miðlun þekkingar og upplýsinga um náttúrufræðileg efni og vera ráðgefandi gagnvart öðrum söfnum landsins sem sýsla með náttúruna. Stofnunin byggir starfsemi sína á rannsóknnum og gagnaöflun á eigin vegum og í samstarfi við aðra, og á miðlun þekkingar og upplýsinga með staf- og rafrænni útgáfu, ráðgjöf, fyrirlestrum og sýningahaldi.

Brynjólfsgötu 5, 107 Reykjavík, Iceland — www.nmsi.is / nmsi@nmsi.is

## The Icelandic Museum of Natural History

The Icelandic Museum of Natural History is the property of the Icelandic state, a public institution appertaining to the Ministry of Education, Science and Culture. The primary roles of the museum are to shed light on Icelandic nature, natural history, use of natural resources and nature conservation, and thereby promote conservation of natural heritage in Iceland and sustainable use of nature. The museum implements its functions by exhibits, publication and research.